

50. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu & Fjórðungssambands Vestfirðinga

18. janúar 2023 kl 12.00 – 14:00

Fundur haldinn í fjarfundi og staðfundi

Mætt:

Í fjarfundi: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Kristján G. Jóakimsson, Shiran Þórisson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Aðalbjörg Óskarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir

Í staðfundi: Magnús Ingi Jónsson, Jóhann Birkir Helgason í forföllum Aðalsteins Egils Traustasonar.

Fundinn sat einnig Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

Stjórnarfundur 18. janúar

1. Vinna við endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða
2. Nýtt skipurit Vestfjarðastofu
3. Starfsáætlun Vestfjarðastofu 2023
4. Jarðhitaleit á Vestfjörðum
5. Opinber störf og störf án staðsetningar
6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Fundur stjórnar FV

7. C1 verkefni – umsóknir í vinnslu
8. Lagt fram til kynningar
 - a. Fundargerð 84. fundar stjórnar SSV 3. janúar 2021
 - b. Fundargerð – 45. fundar stjórnar SSNE 9. desember 2022 -
 - c. 590. stjórnarfundur SASS. 2. desember 2022
 - d. 785. Stjórnarfundur SSS 11. janúar 2023
 - e. 172. Stjórnarfundur SSV 7. desember 2022
 - f. 138. fundur Náttúrustofu Vestfjarða – fundargerð
 - g. 22. Fundur Byggðamálaráðs 7. desember
 - h. Fundargerð aðalfundar SASS 27.-28. okt 2022
9. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir
 - i. Umsögn í samráðsgátt um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð. Mál nr. 238/2022
 - b. Umsagnarbeiðnir

Gengið til dagskrár.

Formaður óskar eftir við fundinn að bæta inn í boðaða dagskrá umfjöllun um fiskeldisgjald sem verður liður 6 og umfjöllun um áform um lagasetningu vegna veiða á grásleppu sem bætt er við umsagnarbeiðnir. *Fundarmenn samþykkja breytingu á boðaðri dagskrá.*

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Vinna við endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða

Formaður fór yfir vinnu starfshóps vegna vinnu við endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða. Stefnt að kynningu á endurskoðaðri Sóknaráætlun Vestfjarða á stjórnarfundi í febrúar. Til máls tóku: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir

2. Nýtt skipurit Vestfjarðastofu

Tillaga að nýju skipuriti Vestfjarðastofu sem kynnt var á stjórnarfundi 5. desember 2022 lögð fram til umfjöllunar. Framkvæmdastjóri fór yfir mönnun á stöðum vegna nýs skipurits. Aðalsteinn Óskarsson er áfram sviðsstjóri byggðamála og jafnframt staðgengill framkvæmdastjóra. Guðrún Anna Finnbogadóttir er teymisstjóri atvinnu- og byggðapróunar og Sölvi Guðmundsson er teymisstjóri markaðs og menningar. Til máls tóku: Elísabet Gunnarsdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir
Nýtt skipurit Vestfjarðastofu samþykkt af stjórn

3. Starfsáætlun Vestfjarðastofu 2023

Starfsáætlun Vestfjarðastofu fyrir árið 2023 lögð fram til umfjöllunar. Til máls tóku Lilja Magnúsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Aðalbjörg Óskarsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir.
Starfsáætlun Vestfjarðastofu fyrir árið 2023 samþykkt af stjórn.

4. Jarðhitaleit á Vestfjörðum

Farið yfir minnisblað sviðsstjóra byggðamála þar sem fjallað er um 150 mkr. framlag til jarðhitaleitarátaks með vísan í skýrslu starfshóps umhverfis- orku og loftslagsráðherra um orkumál á Vestfjörðum. Til máls tóku Lilja Magnúsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Jóhann Birkir Helgason og Jóhanna Ösp Einarsdóttir.
Stjórn Vestfjarðastofu samþykkir eftirfarandi bókun.

Í umsögn Vestfjarðastofu um frumvarp til fjárlaga 2023 var lögð áhersla á að fylgt verði eftir tillögu skýrslu ¹ starfshóps umhverfis- orku og loftslagsráðherra um orkumál á Vestfjörðum.

Við afgreiðslu fjárlaga 2023 samþykkti Alþingi breytingartillögu fjárlaganefndar um 150 mkr framlag til jarðhitaleitarátaks með vísun til niðurstöðu starfshópsins. Stjórn Vestfjarðastofu fagnar þessari afgreiðslu Alþingis og að hér sé fylgt eftir tillögum starfshópsins um úrbætur í orkumálum á Vestfjörðum.

Stjórn Vestfjarðastofu minnir á að jarðhitaleit á Vestfjörðum er mikilvægur þáttur í lausn á afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum og brýnt byggða- og loftslagsmál. Á Vestfjörðum eru

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/04/09/Skyrsla-starfshops-um-orkumal-a-Vestfjordum/>

rafkyntar fjarvarmaveitur reknar til húshitunar og nýta til þess skerðanlega orku. Í rekstri þeirra er afhendingaröryggi raforku lykilþáttur, en vanbúið flutningskerfi og takmörkun á afhendingu skerðanlegrar orku frá Landsvirkjun á síðasta ári, leiddu til þess að olíunotkun fjarvarmaveitna á Vestfjörðum jókst úr 210 þúsund lítrum í 2,1 milljón lítra milli árana 2021 og 2022.

Gefi jarðhitaleit jákvæða niðurstöðu þá eykst rekstraröryggi fjarvarmaveitna samtímis sem sparnaður er í olíunotkun og því mikilvægt loftlagsmál. Jarðhiti skapar einnig ný tækifæri í uppbyggingu atvinnu á svæðum með einhæft atvinnulíf.

Stjórn Vestfjarðastofu minnir á að uppbygging innviða á Vestfjörðum vegna flutnings raforku hefur orðið út undan á síðustu áratugum. Átak í jarðhitaleit er hluti af lausninni og stjórn Vestfjarðastofu beinir því til umhverfis- orku og loftlagsráðherra, að hraða allri vinnu við mótun tillagna um skiptingu fjármagns til jarðhitaleitar á Vestfjörðum.

5. Opinber störf og störf án staðsetningar

Farið yfir minnisblað sviðsstjóra byggðamála vegna álits meirihluta fjárlaganefndar Alþingis um stöðu flutnings opinberra starfa og störf án staðsetningar.

Til máls tóku: Lilja Magnúsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Aðalbjörg Óskarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir.

Stjórn Vestfjarðastofu samþykkti eftirfarandi bókun:

Vestfjarðastofa fjallaði í umsögn um frumvarp til fjárlaga 2023 um neikvæða þróun opinberra starfa á Vestfjörðum. Stjórn Vestfjarðastofu tekur því undir álit meirihluta fjárlaganefndar Alþingis varðandi galla á framkvæmd á markmiði stjórnvalda um störf án staðsetningar og nauðsyn á úrbótum í þeim efnum. Stjórn Vestfjarðastofu tekur einnig undir álit meirihluta fjárlaganefndar að við undirbúning fjármálaáætlun og fjárlaga, verði gerð greiningu og tillögur settar fram um úrbætur á fjármögnun stofnana og starfstöðva stofnana sem staðsettar eru utan höfuðborgarsvæðis. Stjórn Vestfjarðastofu leggur áherslu á að hjá stofnunum ríkisins séu störf með staðsetningu um allt land skilgreind jafnframt störfum án staðsetningar. Stjórn Vestfjarðastofu lýsir sig reiðubúna til samstarfs um greiningu á stöðu þessara mála á Vestfjörðum og mótun tillagna um úrbætur.

6. Fiskeldissjóður

Stjórn Vestfjarðastofu fór yfir minnisblað sviðsstjóra byggðamála vegna umsagna sem sendar voru til Alþingis á haustþingi 2022 og niðurstöðu þeirra mála. Stjórn fjallaði sérstaklega um umsögn vegna hækkunar fiskeldisgjalds og samþykkti meðfylgjandi bókun.

Til máls tóku: Lilja Magnúsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Aðalbjörg Óskarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir

Í umsögn Vestfjarðastofu um frumvarp til fjárlaga 2023 og breytingu á ýmsum lögum í tengslum við fjárlög 2023 var lýst varhug um hækkun efsta þreps fiskeldisgjalds úr 3,5% í 5% enda hefði málið komið inn án fyrirvara og án sérstaks rökstuðnings, auk þess sem yfirstandi væri heildarúttekt á fiskeldi að hálfu stjórnvalda. Stjórn Vestfjarðastofu lýsir ánægju með að tillaga um hækkun fiskeldisgjalds var frestað með vísun til endurskoðunar stefnumörkunar í málaflöknum.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri flutti munnlega skýrslu. Stjórn þakkaði framkvæmdastjóra yfirlitið yfir starfsemina.

Fundur stjórnar FV

8. C1 verkefni – umsóknir í vinnslu kynntar og minnisblað með yfirferð umsókna lagt fram.
Til máls tóku Lilja Magnúsdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir
Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti að sótt yrði um 4 verkefni sem kynnt voru í minnisblaði.
9. Lagt fram til kynningar
 - a. Fundargerð 84. fundar stjórnar SSNV 3. janúar 2021
 - b. <https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-88-fundar-stjornar-ssnv-3-januar-2023>
 - c. Fundargerð – 45. fundar stjórnar SSNE 9. desember 2022 - <https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE22/fundargerð-45-fundar.pdf>
 - d. 590. stjórnarfundur SASS. 2. desember 2022 - <https://www.sass.is/590-fundur-stjornar-sass/>
 - e. 785. Stjórnarfundur SSS 11. janúar 2023 - <https://sss.is/blog/fundir/785-stjornarfundur-sss-11-januar-2023/>
 - f. 172. Stjórnarfundur SSV 7. desember 2022 - <https://ssv.is/wp-content/uploads/2022/12/172-fundur-stjornar-SSV-fundargerð.pdf>
 - g. 138. fundur Náttúrustofu Vestfjarða – fundargerð
 - h. 22. Fundur Byggðamálaráðs 7. desember
 - i. Fundargerð aðalfundar SASS 27.-28. okt 2022
10. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir
 - i. Umsögn í samráðsgátt um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð. Mál nr. 238/2022
 - b. Umsagnarbeiðnir
 - i. Samráðsgátt: Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (veiðistjórn grásleppu)
Stjórn felur sviðsstjóra að útfæra stutta umsögn um málið í samráðsgátt og leita til stjórnar um staðfestingu í tölvupósti milli funda.

